



Til Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu

UMSÓKN

UM LEYFI TIL AÐ FARA MEÐ SPRENGIEFNI OG ANNAST SPRENGINGAR.

A-réttindi. B -réttindi.

kr. 10.000.-

Umsækjandi:

Nafn:	Kennitala:	
Heimili:	Sími:	
Pnr. og staður:	Fax/aukasími 1:	Gsm/aukasími 2:

Atvinna/stöðuheiti:

--

Umsókninni fylgir:

- Sakavottorð
- Búsetuvottorð.
- Við endurnýjun skal skila inn staðfestingu á að hafa stundað sprengivinnu á síðastliðnum 5 árum.
- Nýleg passamynd.

Afgreiðslustaðir:

Lögreglustjóri.
Þjóðskráin, **Borgartúni 24.**

REGLUGERÐ

nr. 684 11. október 1999 um sprengiefni. (Úrdráttur.)

29. gr.

Réttindi til að annast sprengivinnu - sprengistjóri.

Enginn má fara með sprengiefni og annast sprengivinnu nema hann hafi til þess leyfi lögreglustjóra samkvæmt 1. mgr. vopnalaga.

Lögreglustjóri veitir réttindi skv. 1. mgr. og gefur út skírteini til handa leyfishafa því til staðfestingar til 5 ára í senn. Þeim einum má veita slík réttindi sem framvísar vottorði Vinnueftirlits ríkisins um að hann hafi lokið tilskildu námi og staðist próf samkvæmt 30. gr.

Réttindi til að fara með sprengiefni og annast sprengivinnu eru tvenns konar:

A-réttindi: Gildir fyrir alla sprengivinnu.

B-réttindi: Gildir fyrir þá sérhæfðu og takmörkuðu notkun sprengiefnis sem tiltekin er í leyfinu, svo sem sprengingar í málmbræðsluofnum, sprengingar í rannsóknarskyni (jarðskorpumælingar o.fl.)

Lögreglustjóri tilkynnir Vinnueftirliti ríkisins um útgefin sprengiefnaréttindi.

Við endurnýjun réttinda skal umsækjandi leggja fram vottorð Vinnueftirlits ríkisins um hæfi umsækjanda og staðfestingu þess að hann hafi stundað sprengivinnu á síðastliðnum fimm árum. Fullnægi umsækjandi því ekki skal hann gangast undir próf samkvæmt b- og c- liðum 30. gr.

Sprengistjóri skal ávallt bera á sér skírteini við sprengivinnu og skal hann framvísa því þegar lögregla eða starfsmenn Vinnueftirlits ríkisins óska þess.

30. gr.

Námskeið og próf.

Til að fá vottorð Vinnueftirlits ríkisins um næga kunnáttu til að annast sprengivinnu þarf að fullnægja þessum skilyrðum:

- a. vera orðinn 20 ára að aldri,
- b. hafa sótt námskeið sem Vinnueftirlit ríkisins viðurkennir og staðist bóklegt próf,
- c. hafa staðist verklegt próf, sem prófdómari á vegum Vinnueftirlits ríkisins hefur lagt fyrir.

Áritun Lögreglustjóra

Staður

Dags. _____/_____/_____

Undirskrift umsækjanda